

STJÓRN SAMTAKA HEILSULEIKSKÓLA

Fundur 2- 5.09.2016

Mættir: Sigrún formaður, Berglind vara- formaður, Þóra gjaldkeri, Sif meðstjórnandi og Oddný ritari

1. Næringarstefnu skjalið:

Þóra er búin að yfirfara næringarstefnuskjalið og gera viðeigandi breytingar. Stjórnin fór yfir breytingarnar og gerði viðeigandi athugasemdir. Þóra uppfærir skjalið í samræmi við athugasemdir stjórnar.

2. Gátlistar:

Berglind klárar að laga gátlistana og sendir á okkur, sem í framhaldi verður sent út á alla Heilsuleikskóla.

3. Kostnaður vegna fána, skjaldar og borðfána:

Sigrún athugaði kostnað við fána, borðfána og skjöld. Stjórnin ákveður að panta borðfána sem koma til með að vera Heilsuleikskólum til kaups. Leitað verður áfram tilboða í skjöld. Auglýst verður til Heilsuleikskóla þegar þetta verður tilbúið.

4. Rafræn heilsubók:

Nefndin er að fara að hittast. Fáum fréttir af stöðu mála á næsta fundi.

5. Námskeiðið- 30 september

Námskeiðið verður haldið í félagsmiðstöðinni við Íþróttamiðstöðina í Vogum þann 30. september 2016. Sigrún formaður Samtaka Heilsuleikskóla og Elín María Ingólfssdóttir (ef hún er laus þennan dag) halda námskeiðið. Sif sendir tölvupóst um staðsetningu og að fleiri geti komið á námskeiðið.

Önnur mál

Námskeiðið-

Stjórnin skoðar að halda námskeið í öðrum landshluta t.d. fyrir norðan. Sendur verður tölvupóstur þegar ákvörðun liggur fyrir.

Heimasíðan og merkið-

Stjórnin leggur til að fá Ingunni Ríkharðsdóttur á næsta stjórnarfund vegna málefna sem varða heimasíðu og næringarstefnuna.

næsti fundur verður 7. nóvember kl. 13:30 á Ársól.